

Karлакór Íslendinga í Winnipeg / Icelandic Male Voice Choir

Afhending 1022/2

Karлакór Íslendinga í Winnipeg var stofnaður haustið 1929 af tónskáldinu Björgvini Guðmundssyni. Hann var líka fyrsti stjórnandi kórsins og var það á árunum 1929-1930. Markmið kórsins var að styðja við íslenska tónlist og reyna að halda að minnsta kosti eina tónleika á ári. Í gegnum árin var kórinn vinsæll, ekki bara í Winnipeg heldur líka í öðrum íslenskum samfélögum í Manitoba, Saskatchewan og Norður-Dakóta.

Fyrstu tónleikarnir voru haldnir 24. febrúar 1930 í *The First Lutheran Church* en þá hét kórinn *Björgvin Guðmundsson's Male voice Choir*, þar sem þessir tónleikar fóru fram fyrir stofnfundinn 5. mars. Starfsemi kórsins dafnaði vel árið 1930 en þegar Björgvin Guðmundsson hætti hjá dvínaði starfsemin. Brynjolfur Thorlaksson var stjórnandi 1932-1933 en þá tók Paul Bardal við og starfaði til 1936.

Árin 1937-1941 var „Gullöld“ kórsins þegar Ragnar H. Ragnar var við stjórnina. Kórinn hélt árlega tónleika til viðbótar við marga aðra og birtar voru tvær bækur með lögum útsettum fyrir karlakór.

Gunnar Erlendsson píanóleikari tók við kórstjórninni eftir Ragnar en í nóvember 1947 voru síðustu tónleikarnir haldnir.

Árni Bjarnarson afhenti skjölin í september 1990 og janúar 1991 en við skráningu var skjölunum gefið nýtt aðfanganúmer.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
20. júlí 2022

Aija Burdikova
skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

1022 / 2

A-Karlakór Íslendinga í Winnipeg

A-Karlakór Íslendinga í Winnipeg

1930 - 1941

A	1	1	1933 - 1933	Lög kórsins
A	1	2	1941 - 1941	Söngnótur - erlend lög með þýddum textum
A	1	3	-	Söngnótur - íslensk lög
A	1	4	-	Söngnótur - erlend lög á ensku
A	1	5	1930 - 1930	Kápa af „Söngvar fyrir samkynja raddir“ II hefti (1930); nótur af söngæfingum (óársett)